



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2016

ENSK2OR05 Orðaforði og ritun

Kennarar:	Ágústa Rúnarsdóttir (ÁRÚ) Helgi Þorvaldsson (HP) Paola Ýr Daziani (PD) Ægir Pétur Ellertsson (ÆPE)
------------------	---

Áfangalýsing:

Markvisst er unnið með almenna og sérhæfða texta og reynt að byggja upp hagnýtan orðaforða. Nemendur eru þjálfaðir í skipulegri framsetningu ritaðs máls, bæði hvað varðar uppbyggingu og orðaforða. Áhersla er lögð á alhliða færni í málinu.

Undanfari: ENSK2OL05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s greinamerkjasetningu

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja algengustu orðasambönd sem eru einkennandi fyrir talað mál
- taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi
- tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér
- undirbúa og skrifa formlega texta og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni og skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynntar, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra
- taka þátt í skoðanaskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður og tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt
- skrifa ýmis konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig

Námsefni:

New Writing Exercises Spring 2016

Academic Word List ENSK2OR05

Góð ensk-ensk eða ensk-íslensk orðabók

Kjörbók: Nemendur velja sér eina af eftirfarandi bókum:

fjölrit í bóksölu F.Su.

fjölrit í bóksölu F.Su.

Forget You Had A Daughter Höf: Sandra Gregory

Land of the Living Höf: Nicci French

Light On Snow Höf: Anita Shreve

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Nemendur búa til sína eigin verkefnaáætlun og skila til kennara.

Sérreglur áfangans:

Skilaskylda er á öllum verkefnum. Nemendur sem eru löglega afsakaðir þreyta ólokin próf eftir ákvörðun kennara. Moodle er notað sem upplýsingabanki. Nemendur 20 ára eða eldri skulu undirrita námssamning við kennara.

Nemendur sem fá 8,0 eða hærra í annareinkunn þurfa ekki að þreyta lokapróf.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Kjörbók	Fjögur próf	15%
Ritun efnisgreina	Þrjár efnisgreinar	10%
Samtengingar	Eitt próf	5%
Munnlegt verkefni	Fyrirlestur/spjall í fimm mínútur	5%
Orðaforði AWL	Fjögur próf	10%
Lesskilningur	Tvö verkefni	5%
Lokapróf	Lagt fyrir á námsmatsdögum	50%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 5. janúar 2015

Ágústa Rúnarsdóttir

Helgi Þorvaldsson

Paola Ýr Daziani

Ægir Pétur Ellertsson